

Sjálfseignarstofnunin

# **HANDVERK OG HÖNNUN**

Árskýrsla 2007

## INNGANGUR

Um mitt ár 2006 ákvað forsætisráðuneytið að leggja verkefnið **HANDVERK OG HÖNNUN** niður eftir 12 ára starf. Þessi ákvörðun vakti mikil viðbrögð í handverks- og hönnunarsamfélaginu. Stofnað var til undirskriftarlista á veraldarvefnum þar sem skorað var á stjórnvöld að endurskoða þessa ákvörðun. Yfir 500 undirskriftir söfnuðust á nokkrum dögum og var listinn sendur til forsætisráðuneytisins. Nokkur fagfélög, menningarfulltrúar, atvinnuráðgjafar og einstaklingar sendu áskorunarbréf bæði til ráðherra og þingmanna. Nokkrir þingmenn tóku þetta mál sérstaklega upp í sínum flokkum og sýndu þessu málefni mikinn áhuga. Þannig að fólk frá hinum ólíkustu sviðum hugleiddi hvernig halda mætti sambærilegu starfi áfram. Það var augljóslega skoðun margra að ekki mætti skapast tómarúm á þessu sviði. Mikil reynsla, þekking, gagnabanki, samstarfsvettvangur og fleira, sem byggði á langri og markvissri uppbyggingu, væri í hættu ef starfsemin legðist af.

Eftir samráð við ýmsa aðila var ákveðið að stefna að stofnun sjálfseignarstofnunar um starfsemina og freista þess að sækja um fjármuni beint til fjárlaganefndar Alþingis. Það var gert á haustdögum 2006. Menntamálanefnd og fjárlaganefnd tóku vel í umsóknina og fjárveiting fékkst fyrir árið 2007 alls 15 M. Það er þó töluvert lægri upphæð en áður hafði verið sett í reksturinn. Leitað hefur verið styrkja til að brúa þetta bil og breyting verið gerð á umgjörð verkefnisins. Sjálfseignarstofnunin **HANDVERK OG HÖNNUN** var síðan stofnuð í janúar 2007 og eru stofnfélagar 204. Markmið sjálfseignarstofnunarinnar eru þau sömu og voru hjá **HANDVERKI OG HÖNNUN**.

### **Eftirfarandi markmið voru samþykkt á stofnfundi 18. janúar 2007:**

- Að stuðla að eflingu handverks, hönnunar og listiðnaðar og auka gæðavitund á þessu sviði.
- Að auka skilning almennt á menningarlegu, listrænu og hagnýtu gildi handverks, hönnunar og listiðnaðar með fjölbreyttri kynningarstarfsemi.
- Að koma til móts við þarfir þessara greina fyrir þjónustu, ráðgjöf og upplýsingar.
- Að halda áfram uppbyggingu gagnagrunns á þessu sviði.
- Að vera sameiginlegur vettvangur þeirra sem starfa að handverki, hönnun og listiðnaði.

## STJÓRN OG STARFSMENN

Á stofnfundi sjálfseignarstofnunarinnar 18. janúar 2007 var kosin stjórn. Í stjórn voru kosnar Anna Kristín Gunnarsdóttir, Ólöf Nordal, Signý Ormarsdóttir, Birta Flókadóttir og Halla Bogadóttir. Á fyrsta stjórnarfundinum skipti stjórn með sér verkum og var Anna Kristín Gunnarsdóttir kosin formaður og Birta Flókadóttir varaformaður.

Báðir starfsmenn HANDVERKS OG HÖNNUNAR héldu áfram starfi sínu hjá nýrri sjálfseignastofnun þær Sunneva Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri og Fjóla Guðmundsdóttir sérfræðingur. Þann 1. október 2007 fór Fjóla Guðmundsdóttir í fæðingarorlof og hún verður í orlofi til 1. október 2008. Hún gegnir þó 25% starfi hjá HANDVERKI OG HÖNNUN í orlofinu og sér um heimasíðu verkefnisins.

Hanna Guðrún Guðmundsdóttir var ráðin í 60% starf tímabundið eða þar til Fjóla kemur aftur til starfa.

## STARFSEMI

Við breytingu á rekstrarforminu þurfti starfsemin að breytast mikið. Öll umsýsla varðandi rekstur, greiðsla reikninga, launagreiðslur, bókhald og allt sem því fylgir færðist til skrifstofu **HANDVERKS OG HÖNNUNAR** frá Ríkisféhirði og Ríkisbókhaldi. Það fer því óneitanlega meiri tími af starfi framkvæmdastjóra í þessi umsýslumál fjármuna en áður. Þar að auki bætist við kostnaður sem fellur á stofnunina vegna færslu bókhalds og kostnaði við endurskoðun og gerð ársreikninga hjá löggiltum endurskoðenda.

## FJÁRMAGN

Það fjármagn sem **HANDVERKI OG HÖNNUN** var úthlutað í árslok 2006 var 15 M. Það voru umtalsvert lægri fjármunir sem verkefnið hafði haft á tímabilinu 2002-2006. Síðasta árið 2006 hafði **HANDVERK OG HÖNNUN** 18.1 M framlag frá ríkinu sem skiptist milli fjögurra ráðuneyta.

Nýkörin stjórn sjálfseignarstofnunarinnar **HANDVERK OG HÖNNUN** ákvað að freista þess að starfsemin héldist að mestu óbreytt þrátt fyrir minni fjármuni og starfsfólki falið að leita styrkja hjá atvinnulífinu. Hugmyndin var að reyna að fá styrk frá einkaaðila í nokkur ár í röð. Mikil vinna hefur verið lögð í að leita styrkja en ekki mikill árangur af því starfi. Rausnarlegur styrkur hefur þó fengist hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða 2 M. Sjóðurinn þekkir vel til starfsemi **HANDVERKS OG HÖNNUNAR** enda var hann einn að rekstraraðilum verkefnisins frá 1998-2006.

Mikill tími hefur farið í þessa vinnu hjá starfsfólki en árangur lítill eins og áður segir. Verkefnið er á þessu sviði að oft að keppa um sama fjármagnið við sína umbjóðendur þ.e. um fjármagn úr menningarsjóðum fyrirtækja.

Það hefur því reynst nauðsynlegt að draga úr starfseminni miðað við áætlanir 2007. Það hefur verið markmið stjórnar **HANDVERKS OG HÖNNUNAR** frá upphafi að halda þátttökugjöldum í hinum ýmsu verkefnum í lágmarki.

## HÚSNÆÐI

Þegar fjárveiting fékkst til stofnunar sjálfseignarstofnunar í lok nóvember 2006 þá var leigusamningur um Aðalstræti 12 útrunninn og ekki var mögulegt að endurnýja hann. **HANDVERKI OG HÖNNUN** bauðst að flytja starfssemi sína í Aðalstræti 10 en þar eru aðstæður mjög ólíkar því sem var í Aðalstræti 12. Þar naut verkefnið velvilja Minjaverndar sem var að ljúka endurgerð á þessu sögufræga húsi. **HANDVERK OG HÖNNUN** fékk að flytja þar inn um áramót og vinna þar að stofnun sjálfseignarstofnunarinnar sem var stofnuð í janúar eins og áður segir. Minjavernd styrkti starfsemi **HANDVERKS OG HÖNNUNAR** á þann hátt að ekki var greidd húsaleiga fyrr en frá og með 1. apríl 2007. Framlag Minjaverndar til starfseminnar má meta á rúm 600. þús.

## STJÓRNARFUNDIR

Haldnir voru 4 formlegir stjórnarfundir á árinu. Stjórnarformaður og stjórnarmenn eru þó í virku sambandi við skrifstofu verkefnisins miklu oftár.

## RÁÐGJAFAHÓPUR

Í stofnskrá HANDVERKS OG HÖNNUNAR er gert ráð fyrir ráðgjafahóp sem á að vera stjórn og starfsmönnum stuðningur við að skipuleggja framtíðarverkefni. Í stofnskránni segir:

„Tíu manna ráðgjafahópur skal skipaður og verður hann ráðgefandi fyrir stjórn og starfsmenn í verkefnavali og stefnumótun. Leitað verður til einstaklinga innan fagfélaga handverksmanna, hönnuða, listiðnaðarmanna og fleiri til að starfa í ráðgjafahópnum. Val í ráðgjafahópnum er í höndum stjórnar og skal hann skipaður til tveggja ára í senn. Ráðgjafahópurinn vinnur með stjórn og starfsmönnum að yfirlýstum markmiðum sjálfseignarstofnunarinnar og skal koma saman a.m.k. einu sinni ári og oftár ef þurfa þykir“.

Stjórn HANDVERKS OG HÖNNUNAR ákvað að á þessu fyrsta starfsári sjálfseignarstofnunarinnar að væri rétt að kalla alla stofnfélaga til samráðsfundar um framtíðarverkefni HANDVERKS OG HÖNNUNAR. Boðað var til hugmyndafings með stofnfélögum í Norræna húsinu laugardaginn 19. maí 2007. Þar voru gagnlegar umræður um verkefni í fortíð, nútíð og framtíð.

## HEIMASÍÐA HANDVERKS OG HÖNNUNAR

Heimasíða HANDVERKS OG HÖNNUNAR er í stöðugri þróun og þar eru mjög fjölbreyttar upplýsingar og umfangsmikið myndefni. Heimasíðan var opnuð með viðhöfn árið 2000 en síðan þá hefur hún þróast mjög mikið. Virk vefmæling hefur verið á síðunni síðustu ár og þar kemur í ljós að umferð á síðuna er mjög mikil. Að meðaltali eru það tæplega **2500** sem heimsækja síðuna á mánuði og síðuflettingar eru rúmlega **18.500** á mánuði. Rúmlega 600 hundruð manns hafa skráð sig á póstlista heimasíðunnar og fá reglulega fréttir af starfseminni. Vegna vefmælingarinnar vitum við hvaða síður vekja mestan áhuga og getum unnið samkv. því.

Heimasíðan er á íslensku og ensku. [www.handverkoghonnun.is](http://www.handverkoghonnun.is) **HANDVERK OG HÖNNUN** kynnir sérstaklega alla sem valdir hafa verið til þátttöku í verkefnum **HANDVERKS OG HÖNNUNAR**. Á heimasíðunni eru rúmlega eitt hundrað einstaklingar kynntir sem stunda handverks og listiðnað. Allir sem valdir hafa verið á sýningar **HANDVERKS OG HÖNNUNAR** hafa rétt á skráningu í gagnagrunninn aðrir verða sækja um það sérstaklega og valnefnd metur þær umsóknir. **HANDVERK OG HÖNNUN** safnar kerfisbundið upplýsingum um nám og námskeið í handverki, hönnun og listiðnaði. Á heimasíðu verkefnisins eru umfangsmiklar upplýsingar um skóla, nám og ýmsa viðburði sem tengjast þessum málaflokki, héraendis og erlendis.

## FRÉTTABRÉF

HANDVERK OG HÖNNUN hefur gefið út **FRÉTTABRÉF** frá stofnun en því var breytt 1999 og er dreift endurgjaldslaust til tæplega 1400 aðila. Öll fréttabréfin eru aðgengileg á heimasíðu **HANDVERKS OG HÖNNUNAR**. Nú eru fréttir sendar í tölvupósti til rúmlega 600 aðila og ekki gert ráð fyrir að prenta fleiri fréttabréf þar sem kostnaður er of mikill bæði við prentun og dreifingu. Stöðugt er unnið er að því að stækka netfangalistann.

## VERKEFNI 2007

Fyrstu mánuðirnir á árinu 2007 fóru í undirbúning og breytingu á rekstri **HANDVERKS OG HÖNNUNAR**. Skipulagskráin sem samþykkt var á stofnfundi 18. janúar var send til staðfestingar til sýslumannsins á Sauðárkróki. Það ferli tók langan tíma og var það ekki frágengið fyrr en í byrjun mars. Fyrsti hluti fjárveitingar ríkisins kom ekki til greiðslu til stofnunarinnar fyrr en um miðjan mars.

## RÁÐGJÖF

Á þessu fyrsta starfsári nýrrar sjálfseignarstofnunar var töluverð eftirspurn um alls kyns ráðgjöf úti á landi. Framkvæmdastjóri hefur farið víða um land með fyrirlestra og ráðgjöf. Oftast er beðið um innlegg/fyrirlestur og svo persónulega ráðgjöf. Mikill áhugi er víða á þróun í gerð minjagripa. **HANDVERK OG HÖNNUN** á nú eftir langt starf mikið myndefni og þar hefur einnig safnast mikil þekking. Útbúnir hafa verið nokkrir fyrirlestrar og þó nokkur eftirspurn er eftir því að fá fulltrúa stofnunarinnar á hina ýmsu fundi sem haldnir eru um land allt. Fundað hefur verið á mörgum stöðum á árinu 2007 t.d. Reykjanesi við Ísafjörð, Varmahlíð í Skagafirði, Ísafirði, Reykjaskóla við Hrutafjörð, Höfn í Hornafirði, Reykjafirði á Barðaströnd og Egilstöðum. Tvisvar var farið til Vestfjarða vegna aðstoðar við uppsetningu á sýningu á vestfirsku handverki og listiðnaði í tengslum við fundi ferðamálasamtaka Vestfjarða, Fyrst til Tálknafjarðar og síðan til Ísafjarðar. Einnig var farið norður í Eyjafjörð og söfn og handverksfólk heimsótt og þá var fundað með menningarfulltrúa Reykjanesbæjar. Umtalsverð ráðgjöf fer einnig fram á skrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík bæði til hópa og einstaklinga.

**Heimilisiðnaðarfélag Íslands** leitaði til **HANDVERKS OG HÖNNUNAR** vegna verkefnis sem félagið stóð fyrir haustið 2007. Haldið var mjög metnaðarfullt samnorrænt þing í september og í tengslum við það voru haldnar tvær stórar sýningar. **HANDVERK OG HÖNNUN** tók að sér að vera með nána ráðgjöf vegna sýningarhaldsins og framkvæmdarinnar. **HANDVERK OG HÖNNUN** tók einnig tekið að sér að hanna og sjá um gerð kynningarefnis vegna sýninganna, þ.e. ljósmyndun á verkum, hönnun boðskorts og sýningarsskrár. Þar að auki var um að ræða ýmsa hönnun varandi uppsetningu sýningarinnar í Gerðubergi Hér er eingöngu um að ræða mikla vinnu starfsmanna ekki útlagðan kostnað.

## SÝNINGAR

Í nýju húsnæði í Aðalstræti 10 var ákveðið að halda áfram sýningarstarfsemi við nýjar aðstæður. Skipulagðar voru 5 litlar sýningar **á skörinni** frá 31. maí til 28. nóvember.

- 1) **31. maí til 28. júní** - Sigríður Ágústsdóttir, leirlistakona, Akureyri.
- 2) **5. júlí til 2. ágúst** - Fitjakot, Margrét Þórarinsdóttir, Snjólaug Sigurjónsdóttir, Reykjavík
- 3) **9. ágúst til 6. september** - Glerlistasýning, Dagný Þrastardóttir, Ísafriði
- 4) **13. sept. til 28. okt.** - Elísabet Haraldsdóttir, leirlistakona, Hvanneyri
- 5) **8. nóv. til 28. nóv.** - Rendur, Hildur Einarsdóttir og Björg Pjetursdóttir, Reykjavík

Jólasýning **HANDVERKS OG HÖNNUNAR** „Allir fá þá eitthvað fallett...” hefur verið haldin á hverju ári frá 1999. Þessi sýning hefur verið mjög vinsæl og nú var reynt að finna hentugt húsnæði. Það tókst og Reykjavíkurborg lánaði stofnuninni Fógetastofurnar sem er á neðri hæð Aðalstrætis 10 í desember. Á sýningunni sýndu 55 aðilar fjölbreytt verk sín. Aðsóknin var mjög góð og stóð sýningin frá byrjun desember til jóla.

HANDVERK OG HÖNNUN hefur undan farin ár haldið fjölmargar samsýningar. Haldnar hafa verið 28 sýningar í Reykjavík og nágrenni, 23 sýningar á landsbyggðinni og 3 sýningar erlendis. Þátttakendur í sýningum eru tæplega fjögur hundruð. HANDVERK OG HÖNNUN skipar valnefnd fyrir hverja sýningu. Valnefndir hafa verið skipaðar fagfólki með fjölbreytta þekkingu og sýningarmunir valdir nafnlaust svo að allir, burtséð frá menntun og bakgrunni, hafi jafna möguleika. Sýnendur á sýningum **HANDVERKS OG HÖNNUNAR** hafa þess vegna fjölbreyttan bakgrunn.

## Ráðhús Reykjavíkur – kynning 2007

Eitt af mikilvægustu verkefnum nýrrar sjálfseignarstofnunar var að koma á ný samstarfi við Ráðhús Reykjavíkur og halda svipaða kynningu og haldin var í október 2006. Það tókst og haldin var stór sýning/kynning í Ráðhúsi Reykjavíkur dagana 5.–8. október 2007. Verkefnið var vandlega auglýst og fjölmargir sóttu um og valnefnd valdi 57 þátttakendur. Kynningin tókst mjög vel og landsmenn fjölmenntu í Ráðhús Reykjavíkur. (Sjá viðhorfakönnun þátttakenda sem fylgir skýrslunni.)

## FERÐASJÓÐUR

Stjórn nýrrar sjálfseignarstofnunar ákvað á stjórnarfundum í vor að ferða- og verkefnasjóður sem var myndaður af stjórn **HANDVERKS OG HÖNNUNAR** árið 2000 mundi starfa áfram þrátt fyrir þrengri fjárhagsstöðu. Fimm einstaklingar hafa fengið úthlutað úr sjóðnum á árinu 2007. Styrkjum er úthlutað af stjórn og hafa um 77 einstaklingar fengið styrk frá 2000 til 2007.

## ERLEND SAMSTARF OG SAMSKIPTI

HANDVERK OG HÖNNUN er í erlendu samstarfi. Unnið var að undirbúningi samnorræns verkefnis sem kallað var **Spor i Norden**. Mennt og Starfsgreinaráð handverks- og hönnunargreina tóku að sér framhald þeirrar vinnu. Verkefnið **Spor i Norden** var með fund í Reykjavík í haustið 2007 og HANDVERK OG HÖNNUN lagði til húsnaði vegna fundarhalds og fleiri aðstoð. **HANDVERK OG HÖNNUN** vinnur nú í öðru samnorrænu verkefni í samvinnu við samtök af svipuðum toga sérstaklega á norðurlöndum. Nú er unnið að verkefni sem heitir **“Future craft network”** og var ráðstefna í Svíþjóð í apríl 2007 þar sem voru undirbúin samstarfsverkefni. Bæði þessi verkefni njóta stuðnings norræna sjóða og styrkja frá Evrópusambandinu.

Skrifstofa HANDVERKS OG HÖNNUNAR aðstoðaði nokkra íslenska sýnendur sem tóku þátt í KIC í Árósum í Danmörku. Þetta var mjög spennandi kynning á listhandverki í miðborg Árósa. Þar voru 58 listiðnaðarmenn kynna vörur sínar. Þeir voru frá Danmörku, Þýskalandi, Englandi og Hollandi og þeir sýndu fjölbreytta muni. Sérstakt þema 2007 var Ísland. Fjórum íslenskum listahandverksmönnum var boðið að taka þátt þær voru: Sigríður Ásta Árnadóttir, Kristveig Halldórsdóttir, Margrét Guðnadóttir og Sigrún Einarsdóttir. Það var sendiherra Íslands í Danmörku Hr. Svavar Gestsson sem opnaði sýninguna.

## SÉRSTAKT KYNNINGARSTARF

**HANDVERK OG HÖNNUN** hefur kynnt íslenska hönnun og handverk í tímaritinu REYKJAVÍK LIVING sl. 5 ár. Útgáfufélagið Frúin og **HANDVERK OG HÖNNUN** er með sérstakt samkomulag um þessa kynningu. Árið 2007 var HANDVERK OG HÖNNUN með 6 síður í tímaritinu. Þessu tímariti er dreift á öll hótélherbergi í Reykjavík og stærri hótél úti á landi.

Á árinu var einnig gert loka átak í dreifingu Bókar um handverk og hönnun á Íslandi. Bókin var prentuð í 5000 þús. eintökum. Henni hefur verið dreift í öll almennings- og skólabókasöfn á landinu, allar ríkisstofnanir, mörg fyrirtæki, öll sveitarfélög, stéttarfélög, til ferðaþjónustuaðila, í sendiráð bæði íslensk og erlend.

Bókinni var einnig dreift á biðstofur lækna og hárgreiðslustofur. Upplýsingarnar sem í henni birtast eru jafnframt aðgengilegar á heimasíðu HANDVERKS OG HÖNNUNAR á sérstöku svæði.

## LOKAORÐ

Þetta fyrsta starfsár nýrrar stofnunar hefur gengið mjög vel. Það var mjög ánægjulegt að vinna að stofnun þessarar sjálfseignarstofnunar og starfsfólk upplifði mikinn velvilja og áhuga hjá grasrótinni um allt land. Það er mjög óvenjulegt að sjálfseignastofnun verði til á þennan hátt þ.e. að yfir 200 einstaklingar með fjölbreyttan út um allt land taki sig til og leggi til stofnfé.

En eins og áður hefur komið fram þá eru umtalsvert breyttar aðstæður í öllu starfi og töluverður tími starfsfólks fer í ýmsa umsýslu sem áður fór fram hjá Ríkisféhirði. Þessum breytingum fylgir þar að auki mikill kostnaður sem fellur á stofnunina.

Á nýju ári þ.e. 2008 hefur verið ákveðið að gefa út bók vorið 2008 hliðstæða bókinni sem gefin var út 2006. Viðræður eru í gangi við einn af stóru sýningarsölum í Stór-Reykjavíkursvæðinu um að halda í samstarfi við sjálfseignarstofnunina HANDVERK OG HÖNNUN stóra handverks- og listiðnaðarsýningu annað hvert ár næst vorið 2009. Áætlað er að halda málþing í tengslum við þá sýningu og vonandi að veita verðlaun. Þessir tveir stóru viðburðir þ.e. útgáfa á kynningarbók og fjölbreyttum sýningum, ásamt kynningu í Ráðhúsi Reykjavíkur á hverju hausti og ýmsum staðbundnum verkefnum úti á landi og í Reykjavík verða kjölfestan í starfi sjálfseignarstofnunarinnar **HANDVERK OG HÖNNUN** næstu ár.

Reykjavík, 29. febrúar 2008

---

Sunneva Hafsteinsdóttir,  
framkvæmdastjóri  
HANDVERKS OG HÖNNUNAR